



Hreppsnefnd Ásahrepps
Laugalandi
851 Hella

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 8. nóvember 2018
Tilv.: SRN17120082/4.10.7

Með erindi dags. 20. júní 2018 barst ráðuneytinu kvörtun Ágústu Guðmarsdóttur þar sem hún, fyrir hönd fulltrúa E-listans í hreppsnefnd Ásahrepps, kvartar yfir framkvæmd kosninga í nefndir, ráð og stjórnir á fyrsta fundi hreppsnefndarinnar 18. júní 2018.

Ráðuneytið óskaði eftir umsögn og gögnum frá sveitarfélaginu með bréfi dags. 25. júní og bárust umbeðnar upplýsingar með bréfi oddvita hreppsnefndar dags. 6. júlí. Þá liggur einnig fyrir bókun sveitarstjórnarmanna E-listans um málið í fundargerð 3. fundar hreppsnefndar frá 9. júlí.

Yfirskrift 5. liðar fundargerðar hreppsnefndarfundarins 18. júní er „Kjör nefnda samkvæmt samþykktum Ásahrepps“. eru þar talin upp nöfn þeirra sem skipaðir voru aðal- og varamenn í nefndir, ráð og stjórnir af hálfu sveitarfélagsins. Ber fundargerðin með sér að það hafi að mestu verið gert án þess að greidd væru um það atkvæði. Þá voru jafnframt skipaðir án atkvæðagreiðslu fulltrúar á aukaaðalfund Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga og landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga, sbr. 10. og 12. liður fundargerðarinnar.

Atkvæðagreiðslur fóru hins vegar fram við kjör aðal- og varamanns í stjórn Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs, aðalmanns í félagsmálanefnd Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu, varamanns í stjórn Brunavarna Rangárvallasýslu bs. og varamanns í skipulagsnefnd uppsveita.

Þegar fram fór atkvæðagreiðsla verður ekki annað séð en að um óbundnar einstaklingskosningar hafi verið að ræða, þ.e. hreppsnefndarfulltrúar hafi greitt einstaklingum atkvæði sitt og það án þess að þeir hafi sérstaklega verið boðnir fram. Þá fór í sumum tilvikum aðeins fram kosning aðalmanns eða varamanns en ekki bæði. Loks verður ekki séð af fundargerðinni hvort um leynilegar kosningar var að ræða.

Að framangreindu virtu telur ráðuneytið, með vísan til 1. tölul. 2. mgr. 112. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, að tilefni sé til veita sveitarfélaginu leiðbeiningar um hvernig hreppsnefnd sé rétt standa að kosningum í nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélagsins.

Í 43. gr. sveitarstjórnarlaga er fjallað um kosningar og kjörgengi í nefndir, ráð og stjórnir. Er þar mælt fyrir um að slíkar kosningar skuli vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Nægir í því sambandi að einn hreppsnefndarmaður leggi fram slíka ósk. Sambærileg ákvæði eru í 28. gr. samþykktar um stjórn og fundarskóp Ásahrepps, nr. 72/2016.

Þetta þýðir í framkvæmd að sé ekki til staðar samkomulag allra hreppsnefndarmanna um hverja eigi að skipa í viðkomandi nefnd skuli nefndarmenn og varamenn þeirra kosnir leynilegri, bundinni

hlutfallskosningu á fundi hreppsnefndar. Í 44. og 45. gr. laganna eru nánari ákvæði um framkvæmd slíkra kosninga, en í stuttu máli er kosið á milli lista sem lagðir eru fram af hreppsnefndarmönnum. Athygli er vakin á því að kjósa á þá alla fulltrúa sveitarfélagsins í viðkomandi nefnd sem og varamenn þeirra.

Í þessu samhengi er einnig rétt að benda á ákvæði 2. mgr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. einnig 2. mgr. 35. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Ásahrepps. Þar segir að sveitarstjórn geti hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kýs eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan sveitarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu.


Enn fremur getur sveitarstjórnarmaður krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Sveitarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að $\frac{2}{3}$ fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélags skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. nema enginn ágreiningur sé innan sveitarstjórnar um breytingarnar.


Af þessu leiðir að hreppsnefnd ber að verða við framkominni kröfu hreppsnefndarmanns um endurskipun í nefnd á vegum sveitarfélagsins nema a.m.k. $\frac{2}{3}$ fundarmanna greiði atkvæði gegn því, eða a.m.k. fjórir af fimm hreppsnefndarmönnum í fullskipaðri hreppsnefnd. Skal þá fara fram leynileg, bundin hlutfallskosning um skipan nefndarinnar nema samkomulag sé um það í hreppsnefndinni hvernig hún skuli skipuð.

Að lokum skal það tekið fram að almennt kjörgengisskilyrði í nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélagsins er að viðkomandi eigi kosningarétt í sveitarfélaginu, sbr. 2. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga og 3. mgr. 28. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Ásahrepps. Hægt er hins vegar að setja strangari kjörgengisskilyrði í samþykktum viðkomandi nefndar, ráðs eða stjórnar, svo sem um að viðkomandi skuli vera aðal- eða varamaður í sveitarstjórn. Dæmi um slíkt er t.d. að finna í samþykktum byggðasamlaga sem Ásahreppur á aðild að. Er ljóst að eitt aðildarsveitarfélaga slíkra byggðasamlaga getur ekki ákveðið upp á sitt eindæmi að víkja frá slíkum kjörgengisskilyrðum við val á fulltrúum sínum í stjórn.

Ráðuneytið mælist til þess að hreppsnefnd Ásahrepps kynni sér vel þær reglur sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Ásahrepps sem hér hafa verið raktar um hvernig standa skuli að skipan fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélagsins.

Fyrir hönd ráðherra


Hermann Sæmundsson


Ólafur Kr. Hjörleifsson